

# Starfsreglur Siðanefndar KSÍ

## I. kafli – Almenn ákvæði

### 1. gr.

Siðanefnd KSÍ er nefnd á vegum Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ). Um störf nefndarinnar gilda ákvæði siðareglna KSÍ sem voru samþykktar í stjórn KSÍ 18. desember 2009 og tóku gildi 1. janúar 2010.

Aðsetur nefndarinnar er hjá KSÍ í Laugardal, 104 Reykjavík.

### 2. gr.

Hlutverk Siðanefndar KSÍ er að fjalla um þau mál sem til hennar er beint samkvæmt Siðareglum KSÍ. Siðanefnd KSÍ dæmir í málum sem falla undir ákvæði siðareglanna. Framferði fulltrúa KSÍ fellur undir valdsvið hennar. Siðanefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög í samræmi við siðareglurnar.

Siðanefndin tekur ákvörðun um það hverju sinni hvort leita skuli aðstoðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ ef vafi er um hvort einstök mál eigi einnig undir síðarnefndu nefndina.

### 3. gr.

Stjórn KSÍ, stjórn ÍSÍ og framkvæmdastjóri KSÍ geta beint málum til siðanefndar KSÍ. Stjórnnum aðildarfélag KSÍ er jafnframt heimilt að koma á framfæri ábendingum um brot á reglunum til þessara sömu aðila.

Kærum til nefndarinnar skal beint til skrifstofu KSÍ í Laugardal, 104 Reykjavík.

### 4. gr.

Aðila máls er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir siðanefndinni.

## II. kafli – Málsmeðferð

### 5. gr.

Kærum og ábendingar skulu berast til Siðanefndar KSÍ. Kærum og ábendingar skulu vera skriflegar og fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í grein 14.1 í siðareglum KSÍ.

### 6. gr.

Kærur skulu skráðar í málaskrá siðanefndar KSÍ. Þar skulu jafnframt vistuð öll gögn sem henni tengjast eftir að máli lýkur. Skrifstofa KSÍ sér um skjalavörslu fyrir hönd siðanefndar KSÍ að máli loknu.

#### **7. gr.**

Siðanefnd KSÍ er ábyrg fyrir meðferð kærumála og afgreiðslu ábendinga sem henni berast. Formaður siðanefndar KSÍ hefur umboð hennar til að skipuleggja meðferð mála milli funda.

#### **8. gr.**

Formaður siðanefndar KSÍ skal þegar í stað kynna sér efni kæra og ábendinga sem berast nefndinni og kynna þau fyrir öðrum nefndarmönnum. Hann skal jafnframt, eftir atvikum að höfðu samráði við aðra nefndarmenn, sjá til þess að nauðsynleg bréf af því tilefni séu skrifuð og send svo fljótt sem verða má.

Þegar siðanefndin óskar eftir svörum við tilteknum erindum skal ávallt óska eftir að viðtakandi svari innan tiltekins frests og fylgja þeim fresti eftir með formlegum erindum.

#### **9. gr.**

Við málsmeðferð siðanefndarinnar skal lögð áhersla á að skoða skal eins fljótt og auðið er hvort kæra er tæk til meðferðar. Þá skal leitt í ljós svo fljótt sem unnt er hvort ástæða sé til að afla afstöðu þeirra sem málið varðar með skýrslutöku og hvort nauðsynleg sé að óska eftir frekari gögnum, sbr. grein 12.2 í siðareglum KSÍ.

Siðanefndin skal leitast við að veita málsaðilum sanngjarnt tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum og málsástæðum á framfæri við nefndina áður en ákvörðun er tekin.

#### **10. gr.**

Frá því að öll gögn liggja fyrir í máli skal að jafnaði ekki líða meira en einn mánuður þar til úrskurður er kveðinn upp af hálfu siðanefndar KSÍ.

Í úrskurði siðanefndar skal eftirfarandi koma fram:

- a) Hverjir eru aðilar máls.
- b) Kröfugerð og málavaxtalýsing.
- c) Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
- d) Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
- e) Sérákvæði minnihluta, ef það á við.

Úrskurðir skulu vera undirritaðir af þeim nefndarmönnum sem að honum stóðu. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

#### **11. gr.**

Siðanefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit af úrskurði jafnskjótt og hann hefur verið kveðinn upp með tölvupósti eða í pósti.

### III. kafli - Ýmis ákvæði

#### 12. gr.

Siðanefnd KSÍ heldur fund að minnsta kosti einu sinni á ári. Nefndin getur haldið fundi oftari í tengslum við úrlausn einstakra mála. Nefndin skal að jafnaði hittast innan þriggja mánaða frá því að hún var kosin á ársþingi KSÍ.

#### 13. gr.

Færa skal í fundagerðarbók meginefni þess sem kemur fram á fundum nefndarinnar. Afhenda má þeim sem hafa hagsmuni að gæta endurrit úr gerðarbók.

#### 14. gr.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda ákvæði Siðareglna KSÍ um nefndina og mál sem undir hana heyra.

#### 15. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með stoð í ákvæði 13.4 í siðareglum KSÍ og taka gildi við samþykki stjórnar KSÍ.

*Samþykkt af stjórn KSÍ þann 12. febrúar 2016*